

## Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um málefni Grindavíkur.

Frá Vilhjálmi Árnasyni.

1. Stendur til að Fasteignafélagið Þórkatla greiði fasteignagjöld til Grindavíkurbæjar eða að ríkissjóður komi á annan hátt að rekstri grunninnviða Grindavíkur?
2. Verður umönnunarsamningum Fasteignafélagsins Þórkötlu breytt svo að fólk megi gista í Grindavík og geti þannig búið sig undir að flytja heim? Eru fleiri hugmyndir eða úr-ræði til að stuðla að hraðari endurkaupum fyrri eigenda eða leigu á húsnæði Fasteigna-félagsins Þórkötlu?
3. Eru uppi áform um að styðja uppbyggingu atvinnulífs í Grindavík?

Skriflegt svar óskast.